

*Innflutningur bifreiðar

*Tollverð

Úrskurður nr. 1/2000.

Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar sem keypt var í USA. Tollstjóri ákvarðar tollverð skv. 20.-21. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupunum verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra í málinu.

Lög nr. 55/1987. 8. gr., 10. gr. 100. gr., 101. gr. Reglugerð 374/1995 2. gr., 3. gr., 7. gr., 8. gr., 10.-15. gr., 17.-21. gr. og 23. gr.

Með bréfi, dags. 25. janúar árið 2000, sem barst nefndinni s.d. kærir A úrskurð tollstjóra frá 30. nóvember 1999 um tollverðsákvörðun bifreiðar af gerðinni "Dodge Caravan SE", árgerð 1996, skráningarnúmer M, sem flutt var til landsins í sendingu nr. E SEL 19 10 9 US ORF W 113. Kærandi gerir þá kröfu að innkaupsverð bifreiðarinnar samkvæmt reikningi verði lagt til grundvallar tollverði.

Í greinargerð hins kærða úrskurðar kemur m.a. fram að uppgafið verðmæti bifreiðarinnar skv. aðflutningskýrslu og framlögðum reikningi sé USD 6.549. Við verðsamanburð embættisins skv. 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995 var stuðst við ritið Red Book, sem gefið er út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum en ríkistollstjóri hefur lagt embættinu ritið í té, sbr. 19. gr. nefndrar reglugerðar. Þar kemur fram, að viðmiðunarverð á bifreið af sömu árgerð, tegund og undirtegund sem hér um ræðir er USD 11.775,- að teknu tilliti til aksturs bifreiðarinnar sem var 63.499 mílur á kaupdegi. Tollstjóri óskaði frekari skýringa á hinu lága innkaupsverði bifreiðarinnar með bréfi, dags. 28. október. Til skýringar á verði bifreiðarinnar lagði innflytjandi fram bréf frá seljanda, Tulsa United Motor Sales. Í því kemur m.a. fram, að fyrirtækið hafi selt umrædda bifreið fyrir USD 6.500,- en auk þess hafi það tekið upp í bifreið af gerðinni Mitsubishi, árg. 1991 á USD 1.200,- en bifreiðin hafi í raun verið einungis USD 700,- virði. Þá kemur fram í bréfinu að skipting bifreiðarinnar hafi verið biluð og auk þess sé bifreiðin "a theft recovery". Seljandi hafi keypt bifreiðina ódyrt eða fyrir USD 6.700,- og það sé samningur við alla Íslendinga, að þeir fái bifreiðar fyrir USD 500,- meira en þær kosti seljanda. Hann hafi því selt umrædda bifreið fyrir USD 7.200,- þar af USD 6.500,- í peningum.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í kæru innflytjanda komi fram þær skýringar, að eins og fram komi í bréfi bílasalans hafi skipting bílsins verið ónýtt og hjálagður reikningur upp á USD 1.113,08 því til staðfestingar. Enn fremur hafi bíllinn verið illa hirtur og sjúskaður að innan og hafi hann eytt talsverðum tíma í að þrifa hann og lagfæra. Þá séu á bílnum dældir og stórar rispur og komi það meðal annars fram á farmbréfi frá flutningsaðila, en þar segi, "Scratches and dents all over".

Þá segir orðrétt í greinargerð tollstjóra: "Varðandi skýringar þær sem fram hafa komið vill embættið taka fram, að á framlögðum reikningi frá seljanda eru upplýsingar um bifreið af gerðinni Mitsubishi Galant LS, árg. 1992, þ.e. "Odometer Disclosur Statement-Trade-In", þar sem seljandi er Ólafur Guðmundsson og kaupandi Tulsa United Motor Sales. Samkvæmt því verður það talið liggja fyrir, að Mitsubishi bifreiðin hafi verið sett upp í við kaupin á bifreiðinni Dodge Caravan SE. Hins vegar er verðið skv. framlögðum reikningi ekkert sundurliðað, þ.e. ekkert tekið fram um það, að frá verðmæti Dodge bifreiðarinnar hafi verið dregið uppítökuverð Mitsubishi bifreiðarinnar og mismunurinn tilgreindur, heldur söluverð bifreiðarinnar Dodge Caravan SE, einungis tilgreint USD 6.500,-. Ef miðað er við verðmæti skv. reikningi seljanda, þ.e. USD 6.500,- við verðsamanburð skv. 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995, þá er munurinn á reikningsverði og viðmiðunarverði skv. Red Book um 45%. Þrátt fyrir að tekið væri tillit til upplýsinga seljanda skv. fyrrgreindu bréfi um söluverð bifreiðarinnar, þ.e. USD 6.500,- í peningum og USD 1.200,- sem uppítökuverð fyrir Mitsubishi bifreiðina, samtals USD 7.700,-, þá er munurinn á því verði og viðmiðunarverði 35%."

Embættið telur, að fram komnar skýringar innflytjanda á lágu verði bifreiðarinnar, hvort sem miðað er við reikningsverð eða fyrrgreindar upplýsingar seljanda um söluverð, réttlæti ekki umræddan mun á viðmiðunarverði og reikningsverði eða verði samkvæmt upplýsingum seljanda. Því verði hvorki framlagður vörureikningur né önnur framlögð gögn um viðskiptaverð bifreiðarinnar lögð til grundvallar tollverðsákvörðun, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Þá segir að ekki reynist unnt að ákvarða tollverð umrædds ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr. reglugerðarinnar. Því verði að beita ákvæðum 20. og 21. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun.

Samkvæmt upplýsingum frá umboðsaðila hér á landi, Jöfri hf., er verð nýrrar bifreiðar sambærilegri þeirri sem hér um ræðir kr. 3.385.000-.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og á grundvelli reiknireglu 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, úrskurðar tollstjóri skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að tollverð bifreiðarinnar Dodge Caravan SE, árgerð 1996, með fast skráningarnúmer M, skuli vera kr. 832.649-."

Í kröfugerð kæranda til nefndarinnar kemur fram að hann er mjög ósáttur við málsmeðferð tollstjóra og krefst þess að

kaupverð ökutækisins verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs. Kærandi kveðst hafa keypt ökutækið af T.U.M.S. í Tulsa Oklahoma. Hann setti annan notaðan bíl upp í kaupverð á 700,- USD og staðgreiddi svo mismuninn 6.549,- USD fyrir bílinn. Þá tók bílasalinn 500,- USD í hagnað. Við frágang á "bill of sale" (afsali) hafi einhverra hluta vegna ekki komið fram upptökuverð eldri bílsins og hagnaður bílasalans af sölnunni. Þá segir kærandi að eftir mörg símtöl og þras við bílasalann hafi hann loks fengið til að senda staðfestingu á þessum viðskiptum til tollstjóra með símbréfi en tollstjóri hafi ekki tekið þær skýringar til greina. Ennfremur kemur fram að ökutækið hafi verið í lélegu ástandi við kaupin m.a. hafi sjálfskipting verið ónýtt.

Í samræmi við 4. mgr. 101. gr. tollalaga var kæran send ríkistollstjóra. Í kröfugerð ríkistollstjóra, dags. 8. febrúar 2000 segir m.a. að ríkistollstjóri fallist á það með tollstjóra að rétt hafi verið að hafna reikningsverði umræddrar bifreiðar og byggja tollverð hennar þess í stað á reiknireglu 1. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, sbr. 20 gr. reglugerðarinnar. Þá hafi tollstjóra verið heimilt að fyrna líklegt FOB-verð samkvæmt 1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar, með vísan til 2. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar, þar sem innflytjandi uppfyllti skilyrði 1. mgr. 23. greinarinnar. Upphaf fyrningar var 1. júní 1996, sbr. 3. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar. Ríkistollstjóri krefst þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði staðfestur með vísan til forsenda hans.

Kærandi var send kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar þann 9. febrúar 2000. Kærandi nýtti sér ekki rétt sinn til andsvara.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Í máli þessu er deilt um tollverð á bifreið af gerðinni "Dodge Caravan SE", árgerð 1996, skráningarnúmer M sem kom til landsins í sendingu nr. E SEL 19 10 9 US ORF W 113. Innkaupsverð bifreiðarinnar nam samkvæmt framlögðum reikningi USD 6.549-. Með bréfi frá seljanda bifreiðarinnar Tulsa United Motor Sales II kemur fram að upp í kaupin hafi verið tekin bifreið af gerðinni Mitsubishi á USD 700-.

Samkvæmt skoðunargerð tollstjóra kemur fram að bifreiðin er útbúin sjálfskiptingu, ALB eða ABS hemlum, hraðafesti (cruise control), rafknúnum rúðum og rafmagnslæsingum. Þá segir í úrskurði tollstjóra að bifreiðin hafi reynst í ágætu ástandi.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr. skal það ákvarðað "með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á landi", sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar.

Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá ríkistollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Tollstjóri telur að skýringar kærandi á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar er mun lægra en markaðsverð sambærilegra ökutækja í innkaupslandinu, ekki fullnægjandi. Ákvað hann því að beita 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir að hann hafi ekki talið sér fært að beita samanburðarreglum 10. til 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina, þar sem nauðsynleg gögn til staðfestingar á því að um sambærileg ökutæki væri að ræða lágu ekki fyrir og því ekki hægt að tryggja nákvæma og réttmæta niðurstöðu á þessum grundvelli.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber ríkistollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur ríkistollstjóri lagt tollstjórum til ritið Red Book sem er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum. Upplýsingar þær, sem þar er að finna, hafa ekki verið vefngdar af kærandi. Þá hafa nefndarmenn gert lauslega könnun á því hvert verð bifreiða sömu gerðar og hér er deilt um verð á er í innkaupslandinu. Reyndust þau í öllum tilfellum vera mjög í samræmi við þau verð sem uppgöfin eru í Red Book.

Fyrir liggur að reikningsverð bifreiðarinnar M er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu Red book. Munurinn er um það bil 40%. Enda þótt reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsvert, verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar.

Að mati ríkistollanefndar geta skýringar kærandi ekki skýrt þann mikla verðmun sem að framan er rakinn.

Í ljósi þess hve mikil frávik eru á reikningsverði hinnar innflutta bifreiðar annars vegar og markaðsverði sambærilegra ökutækja hins vegar, m.v. uppgöfin verð í ritinu Red book er framlagður reikningur ekki trúverðugur. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla rgl. nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun ekki hægt að fallast á kröfu kærandi um að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni M að fjárhæð USD 6549,- verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður
blaðsíða 2/3

tollstjóra frá 30. nóvember 1999, um tollmeðferð bifreiðar sem er af gerðinni Dodge Caravan SE, árgerð 1996, er kom til landsins í sendingu nr. E SEL 19 10 9 US ORF W 113, skuli standa óbreyttur.